

- 180 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Jafets-
10. okt. dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. okt. 1951.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Guðrúnar Jafetsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með arfleðsluskrá Guðrúnar Jafetsdóttur, Grettisgötu 26, Reykjavík, dags. 4. júní 1920 og staðfestri af notarius publicus sama dag. Stofnfé sjóðsins reyndist kr. 1350.00. Var fjárhæð þessi lögð til ávöxtunar í Söfnunarsjóð Íslands 5. júní 1944 og nam í árslok 1950 kr. 1929.69.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækt fólk, er þarf að liggja á sjúkrahúsi eða heilsuhæli.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Við höfuðstólinn skal jafnan leggja $\frac{1}{5}$ hluta vaxtanna, en $\frac{4}{5}$ hlutum þeirra er heimilt að verja samkvæmt tilgangi sjóðsins.

4. gr.

Landlæknir, eða sú stofnun, sem kann að koma í stað landlæknisembættisins, hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóðsins, og úthlutar styrkjum úr honum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal birta reikningana opinberlega.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

- 181
11. okt. um breyting á reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 133 28. desember 1936.

1. gr.

Fyrri málsgrein 7. töluliðs 22. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 6 9. janúar 1935.

Fjármálaráðuneytið, 11. október 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.